

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, Árbót í Þingeyjarsveit.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. október 2013 breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 29. ágúst 2013.

Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð í landi Árbótar er stækkað úr 10 ha í 21 ha og gert ráð fyrir samtals 17 frístundahúsalóðum, en af þeim eru átta lóðir þegar byggðar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 7. október 2013.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. október 2013